

**Sp.**

#### **144. Breytingartillaga**

við till. til þál. um aukning Sogsvirkjunarinnar.

Frá Sveinbirni Högnasyni og Helga Jónassyni.

Tillögugreinina skal orða svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún hlutist til um, að jafnhliða væntanlegri aukningu Sogsvirkjunarinnar verði séð fyrir því, að Suðurlandsundirlendið geti fengið raforku, eftir því sem unnt er. Sé þess gætt fyrst og fremst, að háspennulínur þær, sem talið er, að geti borið sig, séu lagðar um það, áður en bætt er við raforku þá, sem Reykjavík hefur nú.

Þá skorar Alþingi og á ríkisstjórnina, að hún beiti áhrifum sínum til þess, að rafvirkjunarframkvæmdir næstu ára séu fyrst og fremst miðaðar við það, að koma raforku til sveitanna, áður en aukið er við orku þá, sem kaupstaðirnir þegar hafa.